

Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 7. desember 2018  
UST201811-282/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Helgustaðir í Unadal- Sveitarfélagið Skagafjörður**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Helgustaði í Unadal í sveitarféluginu.

Skipulagssvæðið nær til lóðarinnar Helgustaðir úr landi Hólkots í Unadal. Lóðin er milli Unadalsár og Hólkotsvegar um 4,9 ha að stærð.

Í lýsingu kemur fram að megin markmið tillögunar er að fjalla um fyrirhuguð gestahús á svæðinu. Einnig kemur fram að skilgreindir verða; byggingarreitir, aðkoma, stærð og gerð húsa og lagnir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram Hofsá svo að útvistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötnum, ám og sjó.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkioð og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forma þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólrreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Umhverfisstofnun bendir á að nýta mætti núverandi slóða sem aðkomuveg inn á skipulagssvæðið til að forðast rask á gróðri.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda lýsingar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur